

Hreystivöllur

Eftirspurn er meðal hafnfirskra ungmenna að hafa aðgang að hreystibraut en þau hafa tekið þátt í skólahreystikeppni án þess að hafa haft tækifæri á að æfa sig í réttri braut.

Verð á stórra braut er 14 milljónir en svo er til minni útgáfa sem sett er við skóla og kosta um átta milljónir. Einkaleyfi er fyrir þessu og uppfyllir brautin öll öryggisskilyrði og er vottuð sem slík. Rúm áratuga reynsla er komin á þessi tæki og hafa þau verið í stöðugri þróun.

Við Skarðshlíðarskóla er stefnt að því að þar verði slík braut, en varla fyrr en á lokaáfangi skólans.


Framlag Hafnarfjarðar vegna undirbúnings yrði að afmarka svæðið og fjarlægja yfirborð (ca 50 cm djúpt) á þeim stað sem völlurinn kæmi á.

Vinna við uppsetningu tengist því að ekki sé frost í jörðu og tekur 2-3 mánuði að setja hana upp. Sett er undirlag sem er gervigras og er mjúkt.

Tillaga að staðsetningu

Um yrði að ræða svæði miðlægt í Hafnarfirði þar sem aðgengi er gott

1. **Víðistaðatún.** Þar passar hreystibraut vel að tillögum um uppbyggingu á svæði. Ágætt aðgengi úr öllum áttum. Þjónusta við svæðið af hendi skáta yfir sumartímamann s.s. wc. Íþróttahús Víðistaðaskóla er í næsta nágrenni.
2. **Óla Runstún.** Er í dag afar miðlægt, samgöngur góðar, tilheyrir ekki beint einu skólahverfi, aðgengismál ágæt og nálægð við bílastæði.
3. **Suðurbæjarlaug.** Ágætt pláss er á lóð Suðurbæjarlaugar. Þannig er hægt að tryggja aðgengismál og að vel sé hugsað um brautina. Einungis yrði hægt að fara í brautina á opnunartíma laugarinnar.
4. **Hörðuvellir.** Þar er gott grassvæði sem aðallega gæsir nýta. Skjólgóður opinn staður í íbúahverfi. Þar er stutt í Lækjarskóla og íþróttahúsið þar. Hörðuvellir eru afar nálægt þrem skólahverfum.



Af heimasíður um Hreystivelli

Aldurstakmark á Hreystivöllinn er 8 ára.

Yngri börn þurfa að vera í fylgd með fullorðnum.

Þrautirnar reyna á allan líkamann. Svo og styrk – úthald – samhæfni – jafnvægi og hugrekki.

Völlurinn er uppbyggður á þann hátt að tveir notendur geta farið í gegnum þrautirnar í einu.

Þar sem Hreystivellir eru, hafa íþróttakennarar nýtt þá í útiþróttatíma og hefur það gefist vel.

Röð þrauta og reglur eru sýnd á skiltum á myndrænan hátt .

Hreystivöllur hentar einnig vel sem alhliða leikvöllur.



Hreystivöllur uppfyllir allar grunnkröfur um öryggi leikvalla og leikvallataekja skv. kröfum